


„Hvað hef ég gert fyrir einhvern í dag?“

THOMAS S. MONSON FORSETI

Þarfir annarra eru alltaf fyrir hendi, og hvert og eitt okkar getur gert eitthvað til að hjálpa einhverjum.



Kæru bræður og systur, ég heilsa ykkur á þessum morgni með ást í hjarta mínu á fagnaðarerindi Jesú Krists og til hvers og eins ykkar. Ég er þakklátur fyrir þau forréttindi að standa frammi fyrir ykkur, og ég biðst fyrir um að ég geti með árangri fært fram fyrir ykkur það sem ég hef fundið mig knúinn til að segja.

Fyrir nokkrum árum las ég grein eftir Jack McConnell, lækni. Hann

ólst upp í hæðunum í suð-austur Virginíu í Bandaríkjunum sem eitt sjö barna Meþódistaprests og heimavinnandi móður. Aðstæður þeirra voru mjög fábrotnar. Hann sagði frá því að í bernsku hafi í hvert sinn sem fjölskyldan settist við kvöldverðarborðið faðir hans spurt einn eftir annan: „Og hvað gerðir þú fyrir einhvern í dag?“¹ Börnin voru ákveðin í að gera eitthvert góðverk á hverjum degi svo að þau gætu gert föður sínum grein fyrir að þau hefðu hjálpað einhverjum. McConnell segir þessa þjálfun dýrmætustu arfleifðina frá föður sínum, vegna þess að *sú* tilátun og *þau* orð hafi orðið honum og systkinum hans innblástur um að hjálpa öðrum alla sína ævi. Eftir því sem þau uxu og þroskuðust, breyttist áhugi þeirra á að leggja fram þjónustu í innri þrá eftir að hjálpa öðrum.

Fyrir utan glæsilegan læknisferil doktor McConnells, þar sem hann stýrði þróun á berklaprófunum, svokölluðu tine test, tók á fyrstu stigum

þátt í þróun mænuveiki bólusetningar, stjórnaði þróuninni á Tyleneol og var leiðandi í að þróa segulmagnstækni, eða MRI, og hann kom upp samtökum sem hann nefnir Volunteers in Medicine, Sjálfbóðaliðar lækna, sem gefa eftirlaunafólki í lækna-stétt tækifæri til að starfa sem sjálfbóðaliðar í læknastöðvum þar sem veitt er ókeypis þjónusta fyrir verkafólk sem ekki er í tryggingakerfinu. McConnell sagði að frítími hans eftir að hann fór á eftirlaun hafi „gufað upp í 60 klukkustunda ólaunaða vinnuviku, en starfsorkan hafi aukist og hann njóti nú lífsfyllingar sem ekki var þar áður.“ Hann setti fram þessa yfirlýsingu: „Það er svo ein af þversögnum lífsins, að ég hef haft meiri ábata af Sjálfbóðaliðum lækna heldur en sjúklingar mínir hafa haft.“² Nú eru yfir 70 slíkar læknastöðvar um þver og endilöng Bandaríkin.

Vitanlega getum við ekki öll verið Doktor McConnell, setjandi upp læknastöðvar til hjálpar hinum fátæku, en samt sem áður eru þarfir annarra alltaf fyrir hendi, og hvert og eitt okkar getur gert eitthvað til að hjálpa einhverjum.

Páll postuli benti á: „Þjónið hver öðrum í kærleika.“³ Minnst með mér hinna kunnuglegu orða Benjamíns konungs í Mormónsbók: „Þegar þér eruð í þjónustu meðbræðra yðar, eruð þér aðeins í þjónustu Guðs yðar“⁴.

Frelsarinn kenndi lærisveinum sínum: „Sá sem vill bjarga lífi sínu, mun týna því og hver sem týnir lífi sínu mín vegna, hann mun bjarga því“⁵.

Ég trúi að frelsarinn sé að segja okkur að ef við týnum okkur ekki í

þjónustu við aðra, sé lítill tilgangur í okkar eigin lífi. Þeir sem lifa einvörðungu sjálfum sér skrálna að lokum upp og, táknrænt talað, týna lífi sínu, á meðan þeir sem týna sjálfum sér í þjónustu við aðra vaxa og blómstra - og raunverulega bjarga lífi sínu.

Á aðalráðstefnunni í október 1963 - ráðstefnunni þar sem ég var studdur sem meðlimur í Tólfpostulasveitinni - setti David O. McKay forseti fram þessa yfirlýsingu: „Mestrar hamingju fær maðurinn notið með því að týna sjálfum sér öðrum til góðs.“⁴⁶

Oft búum við hlið við hlið en eigum ekki samskipti frá einu hjarta til annars. Til eru þeir innan afmarka okkar eigin áhrifa sem, með útréttum örmun, hrópa upp: „Eru þá engin smyrsl í Gíleað?“⁴⁷

Ég er sannfærður um að það er *ætlun* hvers einasta kirkjuþegns að þjóna og hjálpa þeim sem eru í neyð. Við skírnina gerðum við sáttmála um að „bera hvers annars byrðar, svo að þær verði léttar.“⁴⁸ Hversu oft hefur hjarta þitt verið snortið þegar þú verður vitni að neyð annarra? Hversu oft hefur þú *ætlað* að vera sá sem hjálpar? Og samt, hversu oft hafa annir hversdagsins skorist í leikinn, og þú hefur látið öðrum eftir að hjálpa, hugsandi sem svo: „Örugglega hlýtur einhver að leysa úr þessari neyð.“

Við verðum svo upptekin af annríki hversdagslífsins. Ef við hins vegar stöldrum við, og lítum vel á hvað við erum að gera, gætum við komist að því að við séum á „kafi í viðfangsfeinum sem rista grunnt.“ Með

öðrum orðum, of oft eyðum við mestum tíma okkar í að annast um hluti sem raunverulega skipta ekki neinu máli í hinu stærra samhengi hlutanna, vanrækjandi hinn mikilvægari málstað.

Fyrir mörgu árum heyrði ég ljóð sem hefur ekki yfirgefið mig síðan og sem ég hef reynt að laga líf mitt að. Það er eitt af uppáhaldsljóðum mínum:

*Syrgt hef ég sárt að kveldi,
er skammsýnið eitt mig brellði,
að sjá ekki náungans neyð;
en aldrei hefur sú leið,
reynst mér of lítils gild,
að sýna næga góðvild⁹.*

Bræður mínir og systur, við erum umkringd þeim sem þarfnast umönnunar okkar, eða hvatningar, stuðnings okkar, huggunar okkar, vinsemdar okkar - hvort sem þeir eru fjölskyldumeðlimir, vinir, kunningjar eða ókunnugir. Við erum hendur Drottins hér á jörðinni, undir tilskipun um að þjóna og lyfta börnum hans. Hann er háður hverju og einu okkar.

Þið kynnuð að harma: Ég á fullt í fangi með hvern dag fyrir sig, að koma öllu í verk sem gera þarf. Hvernig get ég lagt fram þjónustu við aðra? Hvað get ég svo sem gert?

Fyrir rétt rúmu ári var ég í viðtali við *Church News* fyrir afmælið mitt. Í lok viðtalsins, spurði blaðamaðurinn mig hvað ég mundi telja vera hina réttu gjöf sem þegnar kirkjunnar um allan heim gætu gefið mér. Ég svaraði: „Finnið einhvern sem

á í erfiðleikum, eða er veikur, eða einmana og gerið eitthvað fyrir hann eða hana“¹⁰.

Það var stórkostlegt þegar ég á þessu ári við afmæli mitt fékk hundruð korta og bréfa frá þegnum kirkjunnar út um heiminn þar sem þeir greindu mér frá hvernig þeir höfðu uppfyllt þá afmælis dagsósk. Þjónustuverkin voru allt frá því að setja saman mannúðarþjónustu pakka yfir í garðvinnu.

Mikill fjöldi Barnafélaga skoruðu á börnin að leggja fram þjónustu, og síðan voru þessi þjónustuverk skráð og skráin send mér. Ég verð að segja að aðferðirnar við að skrá þau bar vott um hugmyndaauðgi. Margar þeirra komu í formi blaðsíðna samansettra í alls konar formi og stærðum bóka. Sumt hafði að geyma kort eða myndir teiknaðar eða litaðar af börnunum. Eitt mjög hugmyndaríkt Barnafélag sendi mér stóra krukku með hundruðum af því sem þau nefndu „hlýjan dún,“ hvert og eitt snifsi táknaði þjónustuverk unnið á árinu af einu af börnunum í Barnafélaginu. Ég get aðeins ímyndað mér hamingjuna sem þessi börn fundu þegar þau sögðu frá þjónustu sinni og settu síðan „hlýjan dún“ í krukkuna.

Ég deili með ykkur aðeins fáeinum af hinum óteljandi athugasemdum sem voru í þeim mörgu gjöfum sem ég fékk. Eitt lítið barn skrifaði: „Afi minn fékk slag, og ég hélt í hönd hans.“ Frá 8 ára gamalli stúlku: „Systir mín og ég þjónuðum mömmu minni og fjölskyldunni með því að koma lagi á og hreinsa

leikfangaskápin. Það tók okkur nokkra klukkutíma og það var gaman. Það besta við þetta var að við komum mömmu á óvart og gerðum hana ánægða vegna þess að hún þurfti ekki einu sinni að biðja okkur um þetta. “Ellefu ára stúlka skrifaði: „Það var fjölskylda í deildinni minni sem átti ekki mikla peninga. Þau eiga þrjár litlar stúlkur. Mamma og pabbinn þurftu að fara eitthvað, svo ég bauðst til að líta eftir stúlkunum. Pabbinn ætlaði að rétta mér 5 dala seðil. Ég sagði, ‘ég get ekki tekið við [honum].’ Þjónusta mín var að ég liti eftir stúlkunum án launa.“ Barnafélagsdregur í Mongólíu skrifar að hann hafi borið inn vatn frá brunnum svo að mamma hans þyrfti ekki að gera það. Frá 4ra ára gömlum dreng, vafalaust skrifað af Barnafélagskennara hans: „Pabbi er farinn í herþjálfun í nokkrar vikur. Mitt sérstaka verk er að gefa mömmu faðmlög og kossa.“ Níu ára gömul stúlka skrifar: „Ég tíndi jarðarber fyrir ömmu mína. Mér leið vel innra með mér!“ Og önnur: „Ég lék mér við einmana krakka.“

Frá 11 ára gömlum dreng: „Ég fór á heimili eldri dömu og spurði hana spurninga, og söng fyrir hana. Mér leið vel að heimsækja hana. Hún var ánægð því hún fær aldrei neina í heimsókn.“ Er ég las þessa tilteknu klausu minntist ég orða ritaðra fyrir löngu af öldungi Richard L. Evans úr Tólfpostulasveitinni. Hann sagði: „Það er erfitt fyrir þá sem eru ungir að skilja þann einmanaleika sem kemur þegar lífið breytist frá því að vera undirbúningur og framkvæmd

í tíma þar sem hlutirnir eru lagðir til hliðar. . . . Að vera svo lengi þungamiðja heimilisins, svo mikið er leitað til manns, og síðan, næstum eins og hendi sé veifað, að vera á hliðarlínunni horfandi á skruðgönguna fara framhjá - þannig er að lifa sig inn í einmanaleikann. . . . Við þurfum að verða gömul til að kynnast því hversu autt eitt herbergi getur orðið sem einungis hefur í sér húsgögnin ein. Það þarf einhvern . . . eitthvað meira en launaða þjónustu, umfram umhyggju stofnana eða skyldu sérmenntaðs fólks, til að þýða minningar fortíðar og halda þeim ilvolgum og lifandi í nútíðinni. . . . Við getum ekki fært þeim morgunstundir æskuáranna. En við getum hjálpað þeim að lifa í hlýjum glampa sólseturs sem er gerður enn fegurri með hugulsemi okkar“¹¹.

Afmæliskortin mín og minnisblöðin komu einnig frá unga fólkinu í Piltafélaginu og Stúlknafélaginu. Kvennabekkir hafa ofið teppi fyrir sjúkrahús, þjónað framreiðslu matar, verið skírðar fyrir hina dánunni, og framkvæmt óteljandi önnur þjónustuverk. Líknarfélagið, hvers hjálp er alltaf á boðstólum, lagði fram þjónustu umfram og út yfir það sem þær venjulega gera. Prestdæmishópar gerðu slíkt hið sama.

Bræður mínir og systur, ég hef sjaldan verið svo snortinn og þakklátur eins og við systir Monson og ég vorum, þegar ég varði beinlínis klukkustundum í að lesa um þessar gjafir. Ég er hjartanlega ánægður núna þegar ég tala um þessa reynslu og hugleiði líf þeirra sem

hafa verið blessuð sem afleiðing bæði fyrir gefendur og þiggjendur.

Orðin í 25. kafla Matteusar koma í hugann:

„Komið þér, hinir blessuðu föður míns, og takið að erfð ríkið, sem yður var búið frá grundvöllun heims.

Því hungraður var ég, og þér gáfuð mér að eta, þyrstur var ég, og þér gáfuð mér að drekka, gestur var ég, og þér hýstuð mig,

nakinn og þér klædduð mig, sjúkur og þér vitjuðuð mín, í fangelsi var ég, og þér komuð til mín.

Þá munu þeir réttlátu segja: Herra, hvenær sáum vér þig hungraðan og gáfum þér að eta eða þyrstan og gáfum þér að drekka?

Hvenær sáum vér þig gestkominn og hýstum þig, nakinn og klæddum þig?

Og hvenær sáum vér þig sjúkan eða í fangelsi og komum til þín?

Konungurinn mun þá svara þeim: Sannlega segi ég yður, það allt, sem þér gjörðuð einum minna minnstu bræðra, það hafið þér gjört mér“¹².

Bræður mínir og systur, megum við spyrja sjálf okkur spurninganna sem hljómuðu í eyrum Jack McConnell læknis og bræðra hans og systra á hverju kvöldu um kvöldmatarleytið: „Hvað hef ég gert fyrir einhvern í dag?“ Megi orð kunnuglegs sálms smjúga inn í sálu okkar og taka sér bólfestu í hjarta okkar:

Hef ég drýgt nokkra göfuga dáð í dag?

Hef ég huggað í harmi og nauð?

Hef ég hungraðan satt? Hef ég

*bugdapran glatt?
Hef ég brugðist að veita brauð?
Var nokkurri mannveru lífsbyrðin
létt,
það lítið ég fúslega bar?
Fengu sjúkir og mæddir þá
mannlegu stoð,
var meðhjálp mín tilbúin þar?¹³*

Sú þjónusta sem við öll höfum verið kölluð í er þjónusta Drottins Jesú Krists.

Þegar hann kveður okkur til starfa við málsstað sinn, býður hann okkur að koma nær sér. Hann talar til þín og til mín:

„Komið til mín, allir þér sem

erfiði hafið og þungar byrðar, og ég mun veita yður hvíld.

Takið á yður mitt ok og lærið af mér, því að ég er hógvær og af hjarta lítillátur, og þá munuð þér finna hvíld sálum yðar.

Því að mitt ok er ljúft og byrði mín létt.¹⁴

Ef við sannlega hlustum, gætum við heyrt sem úr fjarska sagt við okkur, eins og sagt var við annan: „Gott, þú góði og trúi þjónn.“¹⁵ Það er bæn mín að við megum öll vinna til þessarar blessunar frá Drottni, í nafni hans, sjálfs Jesú Krists, frelsara okkar, Amen.

HEIMILDIR

1. Jack McConnell, “And What Did You Do for Someone Today?” *Newsweek*, 18. júní 2001–13.
2. Jack McConnell, “And What Did You Do for Someone Today?” 13.
3. Gal 5:13.
4. Mósía 2:17.
5. Lúk 9:24.
6. David O. McKay, í ráðstefnuræðu, okt. 1963, 8.
7. Jer 8:22.
8. Mósía 18:8.
9. “The Quality of Kindness,” eftir Richard L. Evans, *Improvement Era*, maí 1960, 340.
10. Sjá Gerry Avant, “Prophet’s Birthday,” *Church News*, 23. ágúst 2008, 4.
11. Richard L. Evans, “Living into Loneliness,” *Improvement Era*, júlí 1948, 445.
12. Matt 25:34–40.
13. „Hef ég drýgt nokkra dáð?“ *Sálmar*, nr. 91.
14. Matt 11:28–30.
15. Matt 25:21.

Kennsla fyrir okkar tíma:

A fjórða sunnudegi hvers mánaðar skulu Melkisedeksprestdæmi og Líknarfélag halda áfram með náms-efnið „Kennsla fyrir okkar tíma“ á fundum sínum. Hverja lexíu má undirbúa frá einni eða fleiri ræðum sem fluttar hafa verið á síðustu aðalráðstefnu. Stiku og umdæmisforsetar geta valið ræðurnar sem nota á eða þeir geta beðið biskupa og greinarforseta að velja ræðurnar. Leiðtogar ættu að undirstrika hversu mikilvægt það er að bræður í Melkisedeksprestdæminu og systur í Líknarfélaginu nemi sömu ræðurnar á sama sunnudeginum.

Þau ykkar sem sitja kennslustund á fjórða sunnudegi eru hvött til að kynna ykkur síðasta heftið af aðalráðstefnuræðum og koma með það í kennslustundina.

Tillögur að undirbúningi lexía frá ræðum

Biðjið að heilagur andi muni vera með ykkur er þið nemið og kennið ræðuna/ræðurnar. Vera má að þið

freistist til þess að undirbúa lexíuna með því að nota annað efni hins vegar eru ráðstefnuræðurnar samþykkt kennsluefni. Verkefni ykkar er að hjálpa öðrum að læra um og lifa eftir fagnaðarerindinu eins og það er kennt á síðustu aðalráðstefnu kirkjunnar.

Lesið yfir ræðuna/ræðurnar og leitið eftir reglum og kenningum sem mæta þörfum meðlima bekkjarins. Leitið einnig að sögum, tilvitnum í ritningarnar og yfirlýsingar frá ræðunni/ræðunum sem mun hjálpa ykkur að kenna þennan sannleika.

Útbúið uppkast að kennslunálgun ykkar á reglunum og kenningum. Uppkast ykkar ætti að fela í sér spurningar sem hjálpa bekkjarmeðlimum:

- Leita að reglum og kenningum í ræðunni/ræðunum.
- Hugsa um merkingu þeirra.
- Deila skilningi, hugmyndum, reynslu og vitnisburðum.
- Heimfæra reglur og kenningar upp á líf þeirra.

Mánuðir

Nóvember 2009 – apríl 2010

Máí 2010 – október 2010

Kennsluefni fyrir fjórða sunnudag

Ræður sem birtar eru í nóvember 2009 tölublaðinu af *Liahona**

Ræður sem birtar eru í maí 2010 tölublaðinu af *Liahona**

*Þessar ræður eru einnig fáanlegar á Alnetinu. Á kirkjajesukrists.is er að finna ræðurnar á íslensku og á LDS.org eru þær á mörgum tungumálum.